

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environmental and Food Agency of Iceland

Laugavegi 166
150 Reykjavík, Ísland

Phone: (+354) 591 2000
Fax: (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

1. mars 2004

Tilvísun: UST20040100207/6á

Umhverfisstofnun
Áb. <u>20P</u>
05 MARS 2004
<u>54.6</u>
Tilv. <u>UST20040100207</u>

Snjóflóðavarnir á Norðfirði, Tröllagiljasvæði. Mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 28. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna á Tröllagiljasvæði á Norðfirði. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við matsskýrsluna.

Gróðurfar

Gert er ráð fyrir að nánast öll núverandi gróðurþekja muni hverfa af framkvæmdasvæðinu, sem er 28,8 hektarar að flatarmáli. Svæðið einkennist af graslendi og hálfdeigju auk nokkurra votlendisbletta. Talsverð tegundafjölbreytni einkennir svæðið og fundust þar m.a. sex plöntutegundir sem skilgreindar eru sem sjaldgæfar á landsvísi:

Bergsteinbrjótur er algengastur á norðanverðum Austfjörðum einkum frá Borgarfirði suður í Breiðdalsvík auk þess að finnast á nokkrum stöðum á Vesturlandi, Vestfjörðum og í Vatnsdal og Siglufirði á Norðurlandi.

Hagastör finnst á nokkru svæði á norðanverðum Austfjörðum, á Snæfellsnesi og á Ströndum.

Mariuvöttur vex aðeins á Austurlandi en er nokkuð algengur í þessum landshluta.

Bláklukka er algeng á Austurlandi, en sjaldgæf annars staðar. Hún er mest á láglendi, en fer þó einnig allhótt upp eftir fjöllum, finnst stundum uppi í 500 m hæð eða hærra.

Útbreiðsla *Skjaldburkna* er ekki einskorðuð við ákveðna landshluta heldur finnst tegundin víða um land þar sem snjóþungt er. Burkinn vex í snjóældabollum, undir börðum og í grjóturð eða jafnvel í hraun sprungum.

Villilín vex einkum á láglendi innan um annan gróður í graskenndum móum og hlíðum og er útbreiðslan ekki einskorðuð við áhrifasvæðið.

Engin þessara plantna er á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þrjár fyrstnefndu plönturnar eru allútbreiddar á Austurlandi og útbreiðsla hinn þriggja er ekki einskorðuð við áhrifasvæði framkvæmdarinnar eða nágrenni þess. Ennfremur eru í matsskýrslu kynntar aðgerðir sem minnka munu áhrif á gróður, t.d. er kynnt tilraunaverkefni sem miðar að því að ná fram gróðursamfélagi sem líkast því sem var fyrir framkvæmdir. Umhverfisstofnun telur því ekki líkur á að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á gróðurfar.

Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar

Í umfjöllun um grunnástand kemur fram að ekki séu jarðmyndanir á svæðinu sem njóti verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999. Í mati framkvæmdaraðila á umhverfisáhrifum kemur þó fram að „ekki sé vitað til að jarðfræðilega merkilegum minjum verði raskað”

og að ekki séu „heimildir um að á svæðinu séu jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd“. Umhverfisstofnun telur að kveða hefði mátt sterkar að orði í matsskýrslunni hvað þennan þátt varðar. Þær jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. þessari lagagrein eru:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- e. sjávarfitjar og leirur.

Af upptalningunni hér að ofan er það einna helst mýrlendi á svæðinu sem hugsanlega gæti fallið undir sérstaka vernd. Af gróðurkorti í viðauka B2 með matsskýrslu má ráða að þar sé ekki að finna samfelld votlendissvæði sem eru stærri en 3 ha. Framkvæmdin mun því ekki hafa áhrif á svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fuglalíf

Engar fuglategundir sem eru á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands eða aðrar sjaldgæfar fuglategundir er að finna á svæðinu. Stofnunin telur undir það mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni ekki hafa mikil áhrif á fuglalíf.

Landslag, sjónræn áhrif og útivist

Að mati Umhverfisstofnunar eru ásýndarbreytingar stærsti áhrifaþáttur þessarar framkvæmdar. Varnarmannvirkin munu setja varanlegan svip á ásýnd bæjarins og umbreytá landslagi sem er að mestu leyti óraskað, að neðstu hlutum þess undanskildum þar sem ummerki byggðar, kartöflugarðar, skógaræktarreitir, skjólbelti o.þ.h., setja svip sinn á svæðið. Umfang og ummerki efnistökkunnar eru mikil og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að gerð sé ítarleg grein fyrir frágangi svæðisins. Með landslagsmótun og réttu skipulagi má auka útivistagildi og aðdráttarafl svæðisins og minnka þar með neikvæð áhrif af svo miklu jarðraski. Með því er einnig farið að ákvæðum VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem fjallar um nám jarðefna, þar sem m.a. er kveðið á um að gerð sé áætlun um frágang efnistökusvæða.

Þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru fram til að vega gegn neikvæðum áhrifum á landslag, ásýnd og útivist eru að mati Umhverfisstofnunar einn mikilvægasti þáttur þessarar matsskýrslu. Í skýrslunni er þeim gerð góð skil og telur stofnunin að þær áðgerðir sem lagðar eru til séu fullnægjandi. Hins vegar gagnrýnir stofnunin umfjöllun í kafla 2.9 í matsskýrslu, *frágangur í verklok*. Þar sem segir:

„Umfjöllun um frágang svæðisins byggir að mestu leyti á tillögum Landmótunar ehf. að skipulagi og mótun nánasta umhverfis varnargarða, keilna og efnistökusvæða. Miðað við núverandi forsendur er gert ráð fyrir að tillögum þeirra verði fylgt eftir.“

Stofnunin telur að skýra ætti betur hvað átt sé við með „núverandi forsendum“ og hvaða breytingar á frágangi væru líklegar ef þær forsendur breyttust. Ekki kemur fram hvort hér sé átt við forsendubreytingar vegna athugasemda við deiliskipulag svæðisins á auglýsingatíma eða hvort að það ráðist af þáttum eins og kostnaði hvort þessar frágangsaætlanir standist. Fyrst ofangreindur fyrirvari er settur fram um frágang

framkvæmdarinnar ætti að fjalla nánar um í hverju þessar forsendubreytingar væru fólgnar og kynna aðrar hugsanlegar frágangsléiðir ef forsendur brystu.

Hávaði

Í matsskýrslu kemur fram að í samanburði við Drangagilssvæðið sé svæðið neðan Tröllagils í heild sinni brattara og hús þar liggja ofar í hlíðinni. Því mun nálægð íbúabyggðar við framkvæmdasvæðið vera meiri en á Drangagilssvæðinu. Hús við Hlíðargötu og Urðarteig eru staðsett um eða innan við 100 metra frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Því má búast við talsverðu ónæði af völdum framkvæmdarinnar s.s. aukningu á hljóðstigi. Ekki er fjallað nánar um hver hugsanleg hækkun á hljóðstigi gæti orðið vegna framkvæmdanna.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að matsáætlun, dags. 8. ágúst 2003, kom fram að stofnunin teldi að vegna nálægðar framkvæmdasvæðis við íbúabyggð ætti að fjalla um hávaða á framkvæmdatíma og hvort hætta sé á að hljóðstig vegna framkvæmda fari yfir þau viðmið sem sett eru fram í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða. Tók framkvæmdaraðili undir þessar athugasemdir. Í töflu 1 í viðauka framangreindrar reglugerðar eru sett fram viðmið um leyfilegt hámarkshljóðstig frá atvinnustarfssemi í íbúðabyggð. Í þeirri töflu er miðað við að jafngildishljóðstig frá atvinnustarfssemi innan hreinnar íbúabyggðar sé innan við 50 dB(A) frá kl. 07 til 18 á virkum dögum, 45 dB(A) frá kl. 18 til 23 á kvöldin og um helgar og 40 dB(A) um nætur (frá kl. 23-07).

Í matsskýrslu er ekki fjallað um hvernig vinnutíma verði háttáð þ.e. hvort eingöngu verði unnið á virkum dögum eða hvort unnið verði á vöktum og þá jafnvel um nætur. Vegna nálægðar við íbúðabyggð hefði stofnunin talið að nánar ætti að fjalla um þessa verktilhögun og mögulega hávaðamengun af völdum framkvæmda í samanburði við reglugerð um hávaða. Jafnframt ætti að fjalla um mögulegar aðgerðir til mótvægis við ónæði af völdum hávaða ef fram kæmu kvartanir frá íbúum þess efnis. Að teknu tilliti til framkvæmdatímans, sem er áætlaður 2-3 ár við byggingu garða og keila, hefði stofnunin talið að þessum þætti hefði átt að gera nánari skil.

Stofnunin bendir á að mögulega gæti hluti af efni sem taka á til hliðar og nota til frágangs á svæðinu nýst til gerðar á mönnum milli íbúabyggðar og framkvæmdasvæðis sem minnkað gætu hávaða frá framkvæmdasvæðinu.

Rykmengun


Eins og fram kemur í umfjöllun um hávaða hér að ofan eru íbúðarhús við Hlíðargötu og Urðarteig staðsett í u.þ.b. 100 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Því má búast við að aðstæður geti myndast þar sem íbúar verði fyrir talsverðri rykmengun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að matsáætlun, dags. 8. ágúst 2003, kom fram að stofnunin teldi að vegna nálægðar framkvæmdasvæðis við íbúabyggð ætti að fjalla um hættu á loftmengun vegna svifryks á framkvæmdatíma og til hvaða aðgerða verði gripið til rykbindingar teljist þess þörf. Tók framkvæmdaraðili undir þessar athugasemdir.

Í matsskýrslunni kemur fram að á framkvæmdatíma og áður en uppgræðsla hefst geti þurrir vindar valdið moldroki frá framkvæmdasvæðinu en ekki er metið hvort þessi áhrif geti orðið veruleg á íbúa svæðisins, m.t.t til nálægðar við byggð og staðbundinna veðurfarsaðstæðna. Því eru engar forsendur til að meta þörfina fyrir aðgerðum til rykbindingar. Að teknu tilliti til framkvæmdatímans, sem er áætlaður 2-3 ár við byggingu garða og keila, hefði stofnunin talið að þessum þætti hefði átt að gera nánari skil.


Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar mun ofangreind framkvæmd, m.v. óbreyttar forsendur og eins og henni er lýst í matsskýrslu, ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vísar þó til athugasemda sinna hér að ofan varðandi hljóðstig og rykmengun. Stofnunin telur að þeim þáttum hefði átt að gera nánari skil í matinu og að áhrif af völdum hávaða og rykmengunar séu enn óljós.



Ólafur Arnason

Virðingarfyllst,



Helgi Jónsson